

Alþingi
Erindi nr. P 135/2965
komudagur 15.5.2008

Berist:
Nefndarsviði Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Elínu Valdísi Þorsteinsdóttur nefndarritari

Erindi: Umsögn Fjölmeningarseturs um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál.

Ísafirði 15. maí 2008.

Fjölmeningarsetrið fagnar tillögu til þingsályktun um framkvæmdaráætlun í málefnum innflytjenda og telur innihald hennar mjög jákvætt. Í tillögunni er fjallað sérstaklega um Fjölmeningarsetrið og að sett verði löggjöf sem skilgreini hlutverk þess innan stjórnarsýslunnar sem grunnstofnum um söfnun, samnýtingu og miðlun upplýsinga. Einnig er gert ráð fyrir að Fjölmeningarsetrið komi að fjölmörgum öðrum verkefnum.

Á bls. 6 er í kaflanum um Löggjöf um aðlögun innflytjenda 8 lið er fjallað um:
„mótun kæruleiða í þágu þeirra sem telja á sér brotið vegna trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða ætternis“. Brýnt er að þessar kæruleiðir verði mótaðar sem fyrst og að innflytjendur geti leitað til óháðs aðila telji þeir að á þeim sé brotið.

Markmið einstakra viðfangsefna tillögunnar eru afar fjölbreytt því málefni innflytjenda snerta öll svið samfélagsins og er verið að leggja áherslu á brýnustu verkefni. Mikilvægt er að tryggja framkvæmd þeirra og fjármögnun, en mörg þeirra eru nú þegar hafin á meðan önnur eru í burðarliðnum.

Fjölmeningarsetrið leggur áherslu á að tillagan hljóti afgreiðslu sem fyrst, svo hægt verði að halda áfram með enn markvissari hætti þeirri uppbyggingu og þróun málaflokksins sem nú er hafin og hrinda í framkvæmd þeim viðfangsefnum sem bíða afgreiðslu hennar. Í lokin er rétt að benda á að framkvæmdarstjóri situr fundi innflytjendaráðs og hefur komið að mótun tillögunnar.

Virðingarfyllst;

Fyrir hönd Fjölmeningarseturs,

Elsa Arnardóttir